



Alþingi
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2015
Tilvísun ÞÍ: 2015042508/5.13.0

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða), þingskjal 1178 — 704. mál.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að til þess að um heimagistingu geti verið að ræða, þurfi hið leigða húsnæði að vera lögheimili einstaklings, þ.e. leigusala. Einnig kemur fram að auk þess er heimilað að leigð sé út ein fasteign til viðbótar sem einnig sé í eigu leigusala. Af þessu tilefni vill Þjóðskrá Íslands vekja athygli á að skráning lögheimilis einstaklinga í dag er með þeim hætti að einungis er skráð heimilisfang lögheimilis en ekki liggja fyrir upplýsingar um lögheimili einstaklinga niður á íbúðir. Þetta kemur þó einungis að sök í fjöleignarhúsum eða í húsum þar sem um er að ræða nokkrar íbúðir.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi þess að hefja skráningu lögheimilis niður á íbúðir og er þess vænst að slíkar breytingar líti dagsins ljós á næstu árum. Þó er einnig ljóst að umræddar breytingar krefjast mikillar yfirlegu og fjármagns en verkefnið lýtur m.a. að því að tengja lögheimili við staðfang í fasteignaskrá og þvínæst við tilgreiningu íbúðar í húsaskrá þjóðskrár (lögheimilaskrá).

Þjóðskrá Íslands gerir að öðru leyti ekki efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Astríður Jóhannesdóttir
Sviðsstjóri